



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun
„Austurland 2004:
mannlífs- og atvinnusýningar“
10. júní 2004**

Ágætu Austfirðingar
Góðir gestir

Við erum hér samankomin til að fagna fjölbreytileikanum sem setur svip á mannlíf og atvinnuhætti á Austurlandi, fagna hve víða er hér vettvangur nýsköpunar og framfarasóknar, að virkjunin og væntanlegt álver eru bara brot af því sem Austfirðingar hafa fram að færa, að vísu umfangsmikið brot en samt bara hluti gróskunnar sem á sér fjölþættar rætur á Héraði og fjörðunum öllum.

Það er stundum rætt um fábreytni á landsbyggðinni og sumir halda fast í þá mynd að þar sé atvinnulífið einhæft og fátt um góða kosti til skemmtunar og mannafunda. Það ber jafnvel á því að landsbyggðarfólkið telji sjálfu sér trú um að þetta kunni nú að vera satt og gefi sér ekki tíma til að gaumgæfa nýjungarnar sem hér spretta fram á hverju ári, gleymi að hefja til vegs margvíslega starfsemi á ólíkum sviðum.

Nýjar verðslanir og þjónustufyrirtæki, hótél í endurbyggðum og sögufrægum húsum frá fyrri tíð, nýjungar í ferðamennsku sem glætt hafa gamlar sögur, frásagnir og forna texta fersku lífi, glæsilegt höfuðból helgað minningu skáldsins Gunnars Gunnarssonar og menningarstöð á merku skólasetri þar sem heimsfrægir listamenn munu verða aufúsugestir, verktakar að efla framkvæmdagetu með stofnun forvitnilegra fyrirtækja, framleiðsla á olíum og smyrslum, töflum og næringarefnum til heilsubótar, fræðimenn og rannsakendur að skapa nýja þekkingu og víkka sjóndeildarhring þjóðarinnar, smiðir og iðnaðarmenn önnur kafnir við að reisa hús, já, heilu hverfin, skólar sem vaxa að styrk og nemendafjölda, óperuflutningur og öflugt tónlistarlíf, söfnin sem veita munum og minjum fræðslugildi, geyma lífshlaup þeirra sem helguðu Austurlandi krafta sína, glæsilegur íþróttavöllur sem heilsaði Landsmótinu hér um árið, jarðgöng

og hafnarmannvirki, ný athafnasvæði á flestum fjörðum, sveitastjórnarmenn önnum kafnir sem aldrei fyrr.

Já, við gætum lengi þulið lýsinguna, talið upp hið smáa og stóra, gamla og nýja, frumlegt og hefðbundið sem skapað hefur fjölþætta flóru mannlífs og atvinnuhátta á Austurlandi.

Og ekki skulum við gleyma því góða fólki sem hingað hefur komið frá öðrum löndum, heimsálfum öllum, og gert Austurland að heimkynnum sínum. Fólk af meira en 40 þjóðernum býr nú á Austurlandi og hefur auðgað hér mannlíf á margbrotinn hátt, fært okkur ný viðhorf og nýja siði, skemmtilegar matarvenjur og framandi hefðir sem þó hafa fest hér rætur og styrkt hinn austfirska mannlífsgróður.

Þjóðahátíðin sem þið Austfirðingar höfðu frumkvæði að hefur orðið öðrum landshlutum til fyrirmyndar; sjálf höfuðborgin hefur fetað í fótspor ykkar – og var nú tími til kominn að Reykjavík fylgdi fordæmi Austfirðinga.

Það er vel til fundið að efna nú til glæsilegrar sýningar sem helguð er mannlífi og atvinnuháttum á Austurlandi og festa þannig í sessi vitund okkar um hve fjölþætt tækifærin eru hér um slóðir, hve öflugur árangur hefur hér náðst á mörgum sviðum, hve björt er sú framtíð sem eystra heilsar ungu fólki.

Sjálfskraust og sóknarhugur eru skilaboðin sem hér blasa við; sjálfskraust byggt á sigurvilja kynslóðanna sem færðu Austurland úr fjötrum fátæktar og erfiðleika á þröskuld nýrrar aldar, aldar sem gefur landshlutanum glæsilegri og fjölþættari tækifæri en nokkru sinni. Og sóknarhugur sem helgast af því hve verkin tala hér skýru máli, helgast af árangrinum sem blasir við á öllum sviðum og sigurvissu þeirra sem vita að hinir björtu tímar eru rétt að byrja.

Ég óska ykkur Austfirðingar til hamingju með þessa veglegu sýningu, þakka ykkur fyrir að bjóða okkur Dorrit að njóta hennar á góðum degi og með árnaðaróskum til ykkar allra lýsi ég því yfir að Austurland 2004: sýning á mannlífi- og atvinnuháttum, er hér með opnuð.